

Mánudaginn 14. marz.

Nr. 44/1909:

Kristján Jónasson
gegn
Ólafi Finnssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Ólafur Finnsson hreppstjóri á Fellsenda fyrir hönd Finns Ólafssonar verzlunarumboðsmanns í Leith fyrir gestarétti Dalasýslu á hendur Kristjáni Jónassyni kaupmanni í Búðardal til greiðslu á kr. 780.00 samkvæmt borgunarsamningi dags. 22. júní 1907. Lauk málinu svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 11. júlí f. á., að áfrýjandi var skyldaður til að greiða stefnda 780 kr. með 6 % vöxtum p. a. frá sáttakæru-degi til borgunardags og 27 kr. í málskostnað. Þessum dómi hefir Kristján Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. sept. f. á. og krafist þess, að verða að fullu og öllu sýknaður af kröfum stefnda, og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst þess hins vegar aðallega, að málinu verði vísað frá yfirdóminum fyrir þá sök, að málsskotinu sé beint á hendur Ólafi Finnssyni persónulega, en eigi fyrir hönd Finns Ólafssonar, en þessari kröfu hefir hann síðan slept og krafist að verða sýknaður af kærnum og kröfum áfrýjanda, en það verður að skilja sem kröfu um staðfesting hins áfrýjaða dóms, og hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af hendi áfrýjanda er því haldið fram, að málið hafi eigi verið lagt löglega til sátta, því að bæði hafi sátta-

kæran eigi verið birt á heimili hans, og í annan stað hafi réttarstefnan verið útgefin áður en sáttafundur var haldinn í málinu. Áfryjandi hefir þó eigi gjört neina kröfu um frávísun málsins, en álitur að fyrir þessar sakir beri ex officio að visa því frá aukaréttinum og ómerkja dóminn. En á þessa skoðun verður eigi fallist. Þegar stefnuvottarnir birtu áfryjanda sáttaþæruna í Búðardal 18. maí f. á., lét hann þá rita í birtingarvottorðið mótmæli gegn því að hann ætti þar heima, en þessi mótmæli verða að teljast þýðingarlaus, því að fjórum dögum síðar, 22. maí, var yfirréttarstefna í málinu birt á heimili kærða í Búðardal fyrir konu hans, að honum fjarverandi, og hefir áfryjandi ekki fundið neitt að þeirri birtingu, enda er því ekki haldið fram fyrir yfirdóminum, að áfryjandi hafi verið alfarinn frá Búðardal, þegar honum var birt sáttaþæran. Að því er kemur til hins síðara atviki hefir undirdómarinn að vísu gefið út stefnu í málinu áður en því var vísað til dómstólanna frá sáttafundinni, og þannig breytt á móti fyrirmælum tilskip. 20. jan. 1797 1. gr. og 15. ágúst 1832, 3. gr. sbr. 6. gr. en þar sem það hefir ekki verið vefengt, að réttarstefnan hafi eigi verið birt fyrir en eftir sáttafundinn og sáttaþæran var lögð fram í fyrsta réttarhaldi málsins, með vottorði sáttafundarinnar um að hún hefði tekið málið fyrir, og kærandi krafist, að því væri vísað til dómstólanna, þá verður eigi álitnið, að hér sé um að ræða brot á sáttaöggjöfinni, er eigi að varða frávísun málsins ex officio.

Hin umstefnda skuldakrafa er, eins og fyrir segir, byggð á borgunarsamningi, dags. 22. júní 1907, milli stefnda og áfryjanda. Í þeim samningi viðurkennir áfryjandi að vera skuldgur stefnda um 3780 kr., er hann

lofar að greiða honum á 3 gjalddögum, og er síðasta afborgunin þær 780 kr., sem stefndi krefst í þessu máli. Áfrýjandi neitar því, þrátt fyrir þennan samning, að hann sé í nokkurri skuld við stefnda, en skýrir svo frá, að þeir stefndi hafi gjört verzlunarfélagsskap með sér árið 1906 og sé fyrgreindur samningur eigi annað en yfirlýsing frá sér um það, hve mikla fjárhæð stefndi hafi lagt í þann félagsskap, en stefndi hafi hins vegar af sinni hálfu lofað áfrýjanda samskonar yfirlýsingu um skuldir þær, er stefndi hafi verið í við verzlunarfélagið, en eftir þeim skuldareikningum eigi áfrýjandi miklu meira hjá stefnda heldur en það sem svarar hinni umstefndu upphæð. Áfrýjandi hefir þó enga tilraun gjört til að sanna, að þessi skýrsla hans um málavexti sé rétt, og verður hún því ekki, gegn skýlausu loforði hans í fyrgreindum borgunarsamningi og mótmælum stefnda, tekin til greina. Það verður því að fallast á það, að áfrýjandi var með hinum áfrýjanda dómi skyldaður til að greiða stefnda 780 kr. með vöxtum sem þar segir, og með því að málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkist, verður að staðfesta niðurlag hans í heild sinni.

Eftir málavöxtum er það rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Kristján Jónasson greiði stefnda Ólafi Finnsyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirt-
ing hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 41/1909:

Stjórnendur Gránufélagsins
gegn
etazráði J. V. Havsteen.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði kand. Valdemar Thorarensen fyrir hönd Gránufélagsins á Akureyri fyrir aukarétti Akureyrar-kaupstaðar gegn stefnda, etazráði J. V. Havsteen kaupmanni á Akureyri, út af burtflutningi og sölu á sandi úr fjörunni sunnan við Strandgötuna á Oddeyri, framundan eignarlóðum stefnda, og var málið dæmt í nefndum rétti 13. marz f. á. þannig, að stefndi var sýkn dæmdur af kröfu Vald. Thorarensen og hann fyrir hönd Gránufélagsins skyldaður til að greiða stefnda í málskostnað 12. kr.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir, stjórnendur Gránufélagsins, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. ágúst þ. á., og hefir þess verið krafist af þeirra hálfu, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefnda verði bönnuð öll sandtaka og sandsala úr fjöru þeirri eða landspildu, er um ræðir í málinu, og að hann verði dæmdur tll að greiða áfrýjendum andvirði tekins sands og selds úr nefndri fjöru eða landspildu með að minsta kosti 39 kr. 38 a. auk 6% ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Af hálfu stefnda hefir þess aftur